



RÍKISENDURSKOÐUN

Bríetartúni 7, 105 Reykjavík IS-Iceland.

	Dagsetning	Tilvísun
Alþingi fjárlaganefnd	27. maí 2020	20050090
Austurstræti 8-10		11.01
150 Reykjavík		GJJ

Umsögn um frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu – 735. mál, þskj. 1277

Ríkisendurskoðun hefur þann 26. mars 2020 mótttekið tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um ofangreint þingmál.

Frumvarpið kveður á um að ráðherra sé heimilt að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu með Reykjavíkurborg, Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað, Kópavogsbæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ. Fram kemur að íslenska ríkið færi með 75% eignarhluta við stofnun félagsins.

Af þessu tilefni bendir ríkisendurskoðandi á að samkvæmt c-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, tekur starfssvið ríkisendurskoðanda til endurskoðunar ársreikninga hlutafélaga og sameignarfélaga þar sem ríkið á helmingshlut eða meira. Þá kemur fram í g-lið sama ákvæðis að ríkisendurskoðandi fari einnig með eftirlit með starfsemi og árangri ríkisaðila. Eftirlit ríkisendurskoðanda myndi samkvæmt þessu og miðað við 75% eignarhald ríkisins á umræddu félagi taka til félagsins og á það hvoru tveggja við um fjárhagsendurskoðun og stjórnarsýsluendurskoðun.


Ríkisendurskoðandi myndi í eftirlitsstörfum sínum með félaginu hafa aðgang að öllum gögnum sem máli skipta sbr. 11. gr. laga nr. 46/2016.

Í frumvarpinu er hvergi vikið að upplýsingaskyldu félagsins til nefnda Alþingis og gert er ráð fyrir að ráðherra sá sem fari með eignir ríkisins fari með hlut ríkisins í félaginu sbr. 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Þá er tekið fram að ákvæði laga um opinber hlutafélög gildi um félagið sé ekki annað tekið fram.

Í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög er að finna ákvæði sem taka til opinberra hlutafélaga og eru til þess fallin að stuðla að auknu gagnsæi og upplýsingamiðlun til almennings. Má þar nefna að í 5. mgr. 70. gr. laganna er kveðið á um að starfsreglur stjórna opinberra hlutafélaga skuli birta á vef félagsins eða annars staðar á netinu. Samþykktir, ársreikninga, samstæðureikninga og sex mánaða árshlutareikninga opinberra hlutafélaga skal að sama skapi birta opinberlega sbr. 2 mgr. 149. gr. laganna. Þá er fulltrúum fjölmiðla heimilt að sækja aðalfund opinbers hlutafélags sbr. 4. mgr. 80. gr. og þá er kveðið á um það í 2. mgr. 88. gr. að boða skuli fulltrúa fjölmiðla á aðalfundi. Fulltrúar fjölmiðla hafa ennfremur aðgang að fundargerðarbók aðalfundar sbr. 6. mgr. 90. gr.

Ríkisendurskoðun telur ekki efni til þess að embættið velti fyrir sér meginefni frumvarpsins um heimild til þess að stofna til opinbers hlutafélags um þær framkvæmdir sem eru í undirbúningi. Rétt þykir þó að benda á mikilvægi þess að áætlanagerð áður en kemur að framkvæmdum sé bæði ítarleg og gagnsæ. Eins og nú háttar til virðist margt í svokallaðri Borgarlínu vera óljóst. Er því athugasemd þessi sett fram til að árétta mikilvægi vandaðrar áætlunargerðar.

Virðingarfyllst,



Audrun J. Jónsd.